

Ráðherra, aðalfundarfulltrúar og gestir

Það er sjálfsagt gott tilefni að hefja mína 40. ræðu á þessum vettvangi með að fagna nýjasta skrefinu sem stigið hefur verið í að efla veiðirétt smábátaeigenda. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024 segir:

Ríkisstjórnin mun tryggja 48 daga til strandveiða.

Hin öfluga og stóra starfsstétt „TRILLUKARLAR“ bíða efnda. Bjartsýni ríkir hjá stéttinni um væntanlegt frumvarp þar sem allri óvissu um 48 daga verði endanlega eytt og þar með að loforðið verði efnt.

Mikið svekkelsi helltist yfir strandveiðimenn þann 16. júlí þegar ljóst var að enn einu sinni skildi stöðva strandveiðar áður en tímabilið væri á enda.

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra lýsti því yfir að búið væri að leita í dyrum og dyngjum og það ekki einu sinni, heldur marg ítrekað, til að finna veiðiheimildir til að auka við strandveiða. Ekki aðeins strandveiðisjómenn svektir því 72,3% þjóðarinnar styður að aflaheimildir til strandveiða verði auknar, eins og fram kom í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskólans í mars 2023.

Eins og LS hafði gert ráð fyrir gjörbreyttist nálgun strandveiðimanna í að ná í þann gula við loforð um 48 daga. Ró færðist yfir mannskapinn,

ekki farið á sjó í aðgæsluveðri. Það þurfti ekkert kapphlaup. Í maí voru 166 bátar með 12 daga á móti 237 ári áður. Menn efuðust ekkert um að 12 dagar væru tryggðir í hverjum hinna fjögurra mánaða. Baráttumál sem lagt var upp með 2018 var í höfn, fullt jafnræði milli landshluta.

En það var nú öðru nær.

Á þeim 8 tímabilum sem liðin eru frá því 48 daga kerfið var tekið upp árið 2018 hafa einungis tvö ár skilað fullum dagafjölda. Nú hafa stjórnvöld hins vegar bitið í skjaldarrendurnar og smábátæigendur aðeins hársbreidd frá settu marki.

Munið samt, að ekkert kemur upp í hendurnar á okkur. Við þurfum að hafa okkur öll við í þessu máli, það verður eins og endranær hart sótt að okkur og þeim sem sigla málinu til hafnar.

Við höfðum meðbyr og höfum meðbyr. Hann dugði okkur ekki á síðasta þingi, en vonandi að það snúist við á yfirstandandi þingi.

Talandi um meðbyr.

Ein af fyrstu yfirlýsingum Hönnu Katrínar Friðriksson í embætti atvinnuvegaráðherra fjölluðu um strandveiðar. Á forsíðu

Morgunblaðsins 24. desember, degi eftir að hún tók við lyklunum af ráðuneytinu, bar að líta á eftirfarandi fyrirsögn:

Strandveiðar í forgangi

● Ríkisstjórnin vill tryggja veiðar í 12 daga í fjóra mánuði

Í texta við fréttina sagði m.a.: „Í ljósi þess hversu skýrt þetta er orðað, og hversu mikill vilji er hjá flokkunum þremur, þá verður þetta eitt þeirra verkefna sem fara í forgang,“ sagði Hanna Katrín.

Með framangreint að leiðarljósi hófst undirbúningur fyrir strandveiðar 2025 að fullum krafti. LS fundaði með ráðherra 15. janúar og greindi frá áherslum félagsins til breytinga á gildandi reglugerð.

- Tekin verði upp heimild til pörunar umframafla í næsta róðri. Heimildin nái til 50 kg af óslægðum þorski. Háar sektir skuli greiða fyrir afla umfram 50 kíló.
- Allur afli fari í gegnum viðurkenndan fiskmarkað. Undanþegið verði mótframlag til byggðakvóta og til eigin vinnslu.
- Ríkt eftirlit verði með eignarhaldi sem kveði á um að skipstjóri skuli vera prófkúruhafi og þinglýstur eigandi minnst 26% í lögaðila.

Tillögurnar báru vott um að LS vildi leggja sitt á vogarskálarnar og nálgast lausn af mikilli ábyrgð.

Ekki þurfti að bíða lengi eftir sterku andstreymi. Hafandi innan við 10% þjóðarinnar bakvið kröfur sínar er varða strandveiðar tók SFS til varna, samtökin höfðu ekki setið aðgerðarlaus. Fyrirætlun stjórnvalda var harðlega mótmælt. Hræðsluáróðri beitt;

- aukinn afl til strandveiða í andstöðu við vísindalega ráðgjöf

- að vottaðar sjálfbærar veiðar eru grunnforsenda þess að hægt sé að selja íslenskan fisk á kröfuhörðum erlendum markaði, 98% af íslensku fiskmeti eru seld þar
- fræðimenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að strandveiðar séu efnahagsleg sóun.
- líklegt að breytingar ýti undir ósjálfbærar veiðar – forstjóri Hafró.

Öllu þessu var svarað af ræðumanni í blaðagreinum og viðtölum.

En barátta SFS var vel undirbúin. Þann 3. febrúar kynntu samtökin 24 blaðsíðna bækling. Hér er mynd af forsíðunni:



Kíkjum á hver var aðdragandinn af útgáfunni, um það segir m.a.:

„Strandveiðar eru fyrst og síðast búbót fyrir aðila sem fyrir eru í kerfinu eða þá sem hafa selt sig út úr öðrum kerfum fyrir verulegar fjárhæðir. Meðalaldur strandveiðisjómannna er 59 ár. Þessar staðreyndir renna sannanlega ekki stoðum undir sjónarmið um nýliðun. Þá hafa verulegar aflaheimildir verið teknar í gegnum tíðina af fyrirtækjum sem skapa örugg og vel launuð heilsársstörf fyrir sjómenn og landverkafólk um allt land. Þar sem strandveiðar eru umfangsmestar, á Vestfjörðum og Vesturlandi, er um helmingur strandveiðisjómannna búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Störf hafa þannig verið tekin frá landsbyggð og færð til höfuðborgarinnar, þvert á upphafleg markmið.“

Hér er um gamalkunnugt stef að ræða, að skipta mönnum upp í hópa með það að markmiði að efna til innbyrðis átaka. Oft þarf maður að sitja á sér um að demba sér ekki slaginn, en það er m.a. tilgangurinn með útgáfu sem þessari. Ég sat á mér.

Greinilegt var að andstæðingurinn var vel undirbúinn, ekkert yrði gefið eftir í baráttunni gegn 48 daga loforði ríkisstjórnarinnar.

Aðeins fleira úr bæklingnum.

Sífelld hefur verið aukið við strandveiðar á kostnað annarra útgerðarflokka frá því að þær voru teknar upp.

Ef auka á strandveiðar enn frekar verður að taka það frá öðrum þorskveiðum.

Strandveiðibátum hefur fjölgað linnulítið undanfarin ár og magn í hverri löndun hefur einnig aukist ár frá ári.

Gangi áform ríkisstjórnar eftir um að tryggja 48 daga strandveiði má með varfærnu mati gera ráð fyrir tvöföldun þess magns sem ráðstafað er til veiðanna.

Mikið af afla strandveiðibáta er fluttur til vinnslu utan landsteinanna, með tilheyrandi tekjutapi fyrir fiskvinnslur og fiskverkað fólk.

Tekjur hins opinbera og sveitarfélaga af strandveiðibátum eru litlar.

Afkoma strandveiðibáta er slök miðað við aðra útgerðarflokka og tekjuskattsgreiðslur þar með litlar.

Aflahlutur strandveiðisjómannanna er lítill og útsvarstekjur sveitarfélaga af veiðunum þar með minniháttar.

Strandveiðibátar fá veiðiheimildir að gjöf, á meðan aðrir kaupa þær eða leigja.

Ég ákvað að draga þetta hér fram kæru félagar til að sýna ykkur að baráttan er hörð. Það verður að öllu óbreyttu ekkert gefið eftir á yfirstandandi þingi frekar en á því sem kvaddi á miðju sumri.

En víkjum þá aftur að framvindu málsins í Atvinnuvegaráðuneytinu. Sannarlega sterkt til orða tekið hjá ráðherranum og því góð ástæða til bjartsýni.

Í byrjun mars voru kynnt drög að breytingum á reglugerð um strandveiðar. Af þeim mátti skilja að hægt væri að standa við 48 daga loforð án þess að breyta lögum. Ekki endilega sletta í góm þó afli færi umfram áðurútgefinn heildarafla, heldur var gerð grein fyrir miðlun hans til strandveiða. Óskað var viðbragða gegnum Samráðsgátt

stjórnvalda. Alls bárust athugasemdir frá 94 aðilum, en það er metfjöldi á þeim vettvangi.

LS taldi í umsögn sinni of langt gengið varðandi kröfu um að skipstjóri ætti meirihluta í lögaðila, ítrekaði áðurframkomið um eignarhald, en bættu við að helmingseign væri nægjanleg og ef börn eða barnabörn eiganda réru yrði ekki gerð krafa um eignarhald hjá þeim.

Auk þess að vitna til hinnar viðamiklu útgáfu lagði SFS áherslu á að viðbót við aflaheimildir til eins flokks stæðist ekki ákvæði laga um stjórn fiskveiða. Samtökin bentu á að stjórnvöld hefðu á umliðnum árum sífellt aukið við þorskheimildir til strandveiða sem leitt hefði til þess að veiðiheimildir í þorski hefðu farið umfram leyfilegan heildarafla. Hlutdeildarhafar hefðu átt að njóta þess með sama hætti. Umboðsmanni Alþingis hefði verið send kvörtun þann 7. mars vegna þessarar stjórnsýsluframkvæmdar ráðherra. Í að að lögbroti, samtökin sögðu að þorski ætti að ráðstafa til hlutdeildarhafa að frádregnum 5,3%, en ekki með eins og gert hefur verið.

Hvort þessi athugasemd hafi orðið til þess að ráðherra sagði að ekki væri hægt að tryggja 48 daga með reglugerð ætla ég ekki að fullyrða um. Í það minnsta álít ég að það hafi ekki komið við kvikuna hjá ráðherra, yfirlýsingar um að vottun væri í hættu og þar með markaðir vegna viðbótarafra til strandveiða.

Málið fór nú í annan farveg sem menn muna vel eftir. Mælt var fyrir frumvarpi 28. maí sem tryggja átti samfelldar strandveiðar út ágúst.

Helsta atriði þess var að stöðvunarákvæði Fiskistofu yrði sett á ís á yfirstandandi strandveiðitímabili.

Fyrsta umræða um frumvarpið stóð í 15 klst. Þá fór það til atvinnuveganefndar sem afgreiddi það til 2. umræðu. Á dagskrá fór það, en þegar umræðan hafði staðið í 5 klukkustundir fannst forseta líklega nóg komið og tók málið af dagskrá.

Það voru gríðarleg vonbrigði og ekki voru þau síðri þegar ljóst var að strandveiðifrumvarpið væri ekki meðal þeirra mála sem sett var í þinglokaskrána. Því fór sem fór, strandveiðar stóðu í 34 daga, voru stöðvaðar að loknum veiðum 16. júlí.

Að fenginni þessari reynslu og ekki hafi verið boðaðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða á yfirstandandi þingi hefur að mínu mati Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra þann kost bestan að gefa nú þegar út reglugerð þar sem nægar heimildir í þorski verði til strandveiða og línuívilnunar.

Eyjólfur. Ég skora á hstv. innanríkisráðherra að beita þessari aðferð og koma þannig í veg fyrir að ákvæði um skilyrðislausu stöðvun strandveiða, þegar ákveðnum afla verði náð, komi til framkvæmda.

Aflatölur í reglugerð þurfa að duga til að dekkja 48 daga.

Ekki er ólíklegt að skýringa verði krafist á því hvaðan ætluð viðbót komi. Eins og undanfarin ár kemur hún í gegnum skiptimarkað

Fiskistofu. Hvort nægjanlegt magn fæst kemur ekki í ljós fyrr en í lok

fiskveiðiársins, þ.e. þegar 18. tímabili strandveiða lýkur þann 31. ágúst 2026.

Það er kominn tími til að aðferðafræðinni verði snúið við og setja 48 daga í forgang.

Rétt er að upplýsa að árlegur mismunur á veiðiheimildum til byggðaaðgerða og því sem heimildir eru fyrir, það er 5,3%in og því sem fæst gegnum skiptimarkað á sl. 6 árum er neikvætt um þrjú þúsund tonn.

Fiskveiðiárið 2024/2025 20.578 ígildi								
Strandveiðar			Rækju- og skelbætur			Byggðakvóti		
	úr sjó	þíg.		úr sjó	þíg.		úr sjó	þíg
Þorskur	11.032	9.267	Þorskur	1.082	909	Þorskur	2.500	2.100
			Ýsa	386	209	Ýsa	1.500	811
Ufsi	1.000	417	Ufsi	341	193	Ufsi	1.050	594
			Steinbítur	48	20	Steinbítur	152	62
Gullkarfi	100	26	Gullkarfi	80	49	Gullkarfi	254	182
			Keila	27	7	Keila	86	13
% af heild			Langa	29	13	Langa	93	46
47,06%	12.132	9.684	6,80%	1.993	1.400	18,50%	5.635	3.808
Línuivílnun								
			Aflamark Byggðastofnunar			Frístundaveiðar		
	úr sjó	þíg		úr sjó	þíg	0,82%	úr sjó	þíg
Þorskur	800	672	Þorskur	3.419	2.872	Þorskur	200	168
Ýsa	800	433	Ýsa	1.220	661	Þorskur alls	19.659	16.514
Ufsi	0	0	Ufsi	1.078	513	Frá 5,3%	11.193	-Staða 2.460
Steinbítur	145	51	Steinbítur	152	53	Skiptimark.	6.006	
Gullkarfi	30	15	Gullkarfi	254	131	Nýliðun v grásleppu		
Keila	30	7	Keila	86	19	0,20%	úr sjó	þíg
Langa	30	0	Langa	93	53	Grásleppa	65	40
5,72%	1.835	1.178	20,90%	6.302	4.301	28.162 Tonn samtals		

Ótalið er hér að í öllum hamaganginum stökk forstjóri

Hafrannsóknastofnunar skyndilega inn á sviðið. Ekki til að greina frá niðurstöðum vísindarannsókna til hagsbóta fyrir land og þjóð. Nei heldur til að greina frá því að líklegt væri að breytingarnar myndu ýta undir ósjálfbærar veiðar.

Félagsmenn í LS gerðu sig gildandi í aðdraganda kosninga. Þeir bentu frambjóðendum á kynningarefni – myndband um strandveiðarnar – og komu sínum sjónarmiðum á framfæri. Það verður seint þakkað og átti stóran þátt í að skila okkur

Ríkisstjórnin mun tryggja 48 daga til strandveiða.

í sáttmála ríkisstjórnarinnar.

Kvótaaukning í þorski

Hafrannsóknastofnun kynnti ráðgjöf um leyfilegan heildarafla í byrjun júní. Stofnunin lagði til að tonnum af þorski myndi fækka um rúm 9 þúsund milli ára. Samdráttur um 4,4%.

LS fundaði með ráðherra um málefnið og lagði til að nú væri komið að því að vanmat á stærð veiðistofns árin 2021 og 2022 yrði bætt við ráðgjöfina og leyfilegur heildarafl yrði 240 þúsund tonn.

HAFRÓ	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
2018	1.357	1.420*							
2019	1.410	1.402	1.365*						
2020	1.288	1.248	1.208	1.211*					
2021	1.155	1.087	982	941	898*				
2022	1.157	1.092	979	1.023	977	1.124*			
2023	1.160	1.108	1.003	1.054	1.048	1.069	1.134*		
2024	1.204	1.152	1.045	1.103	1.091	1.137	1.076	1.069*	
2025	1.205	1.135	1.028	1.150	1.136	1.181	1.069	972	942*

Atvinnuvegaráðherra hafnaði tillögu LS og ákvað að víkja ekki frá ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins og Hafrannsóknastofnunar. Mikil vonbrigði.

Línuívilnun

Línuívilnun sem komið var á fyrir tilstuðlan LS árið 2003 á nú undir högg að sækja. Aðeins 800 tonn voru ætluð til þeirra á síðasta fiskveiðiári og nú þegar búinn er einn og hálfur mánuður af fiskveiðiárinu hefur ekki kíló komið til ívilnunar. Innviðaráðherra er í óða önn að endurskoða heimildir til byggðaaðgerða og illu heilli hefur hann sett línuívilnun á ís. Ákvörðunin setur strik í reikning þeirra 50 útgerða og heggur í atvinnulíf hjá einstaka útgerðarstað, en alls er lína beitt á 30 stöðum. Er forsenda áframhaldandi útgerð margra línubáta.



Í bréfi LS til innviðaráðherra þann 2. október segir m.a.

Það er skoðun LS að verði línuívilnun aflögð muni það leiða til forsendubrests á útgerð fjölda báta. Samþjöppun óhjákvæmileg þar sem þeir stærstu leysa til sín aflaheimildir. Bátar verða verkefnalausir sem krókaafmarksbátar. Þeir verði gerðir út til strandveiða, sem yki á prýsting á það veiðikerfi. Það er því nauðsynlegt að tryggja aflaheimildir til línuívilnunar allt árið."

Smábátaeigendur verða að berjast gegn öllum áformum um að línuívilnun verði skert og jafnvel aflögð. Útgerð tuga smábáta stendur og fellur með línuívilnun og alls engin rök fyrir að ógna útgerð þeirra nema ef vera skyldi meðvituð ákvörðun að auka samþjöppun með færslu veiðiheimilda til stærri útgerða. Álít að búið sé að gera nóg í þeim efnum.

Grásleppan


Grásleppan hefur verið fyrirferðamikil í starfi LS á undanförunum árum. Allt stefnir í að því muni ekki linna að svo stöddu. Lög um kvótasetningu komu til framkvæmda á síðustu vertíð og nú er komið fram frumvarp sem kveður á um afnám kvótasetningar og veiðum verði aftur stjórnað með ákveðnum fjölda veiðidaga, eins og verið hefur undanfarna áratugi, er frá er talið síðasta vertíð.

Um markmið frumvarpsins segir þetta.

„Markmið frumvarps þessa er að færa stjórn veiða á grásleppu í fyrra horf með vísan til þess að sú breyting sem gerð var með lögum nr. 102/2024 þjónar hvorki hagsmunum atvinnugreinarinnar né nytjastofnsins og þar með ekki hagsmunum almennings. Með frumvarpinu eru því lagðar til annars vegar breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og hins vegar lögum um stjórn fiskveiða þess efnis að þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 102/2024 gangi til baka.”

LS styður frumvarpið. Um núgildandi lög og tilurð þeirra vísa ég til [ræðu minnar](#) frá síðasta aðalfundi.

Nú þróun í veiðum á grásleppu hefur haldið innreið sína. Hún lýsir sér í að grásleppuafli togara og uppsjávarskipa fer vaxandi. Með beinum hætti hjá e-m togarana en hjá uppsjávarskipunum er grásleppan meðafli sem nú er byrjað að hirða.



Mestur hluti aflans er í febrúar og mars. Á vertíðinni 2025 nam afli í þessi veiðarfæri um 12% af því sem veitt var í grásleppunet.

Heildarafli vertíðarinnar 2.456 tonn, 2.219 tonn í grásleppunet.

Leyfilegur heildarafli 2.760 tonn veiðin því um 80%.

Það er skoðun flestra grásleppusjómannna að endurskoða verði aðferð Hafrannsóknastofnunar á mælingum á stærð stofnsins. Taka verður tillit til þess að grásleppan er uppsjávarfiskur og því nauðsynlegt að mæliaðferðir taki mið af þeirri staðreynd.

Heildarafli

Heildarafli smábáta á fiskveiðiarinu var 76.288 tonn lækkar um 1.467 tonn milli ára.

Heildarafli smábáta á fiskveiðiarinu var
76.288 tonn lækkar um 1.467 tonn milli ára.

Heildaraflaverðmæti þessa mikla afla nam um 30 milljörðum og útflutningsverðmætið tvöfalt hærri. Til samanburðar var verðmæti alls botnfiskafla á fyrstu 7 mánuðum þessa árs um 74 milljarðar. Smábátaeigendur geta því verið stoltir með sitt framlag fyrir land og þjóð.

Veiðigjald – leiðrétting

Allt ætlaði að göflunum að ganga þegar drög að frumvarpi atvinnuvegaráðherra litu dagsins ljós í Samráðsgátt stjórnvalda. LS gerði sínar athugasemdir enda stefndi þá allt í hækkun hjá minnstu bátunum. Þrátt fyrir að vel hafi verið tekið á móti málflutningi LS þá urðu breytingar til hins verra í meðförum ráðuneytisins. Áfram var þrýst á málefnið og nú var umræðan tekin við atvinnuveganefnd. Þær breytingar sem urðu á frumvarpinu telur LS vera vel ásættanlegar. Það náðist að hækka afsláttinn úr 40% í 65%.

Að lokum vil ég þakka stjórn og formanni fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförunum ellefu fundum að vitna til aðila úr stjórnarsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“

Ágætu tilheyrendur

Nú er starfsferli mínum sem framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda að ljúka. Ég tilkynni ykkur hér með að dagskrárliðurinn mun bera nýtt nafn að ári. Ræða nr 40 er sú síðasta á mínum ferli sem framkvæmdastjóri ykkar undanfarin 39 ár.

Árlegur dagur minn númer 70 nálgast með ógnarhraða og skellur á í lok mánaðarins.

Takk fyrir